

NYT: Angela Merkel er nánasti alþjóðlegi bandamaður Obama þrátt fyrir grundvallarágreining í efnahagsmálum

Eftir

Hrun evrunnar gæti kippt stoðum undan veikum hagvexti í Bandaríkjunum og bundið enda á vonir Baracks Obama um endurkjör haustið 2012. Bandaríkjaforseti er í einkennilegri stöðu þegar hann hefur komið á nánu pólitísku sambandi við Angelu Merkel Þýskalandskanslara og gert hana ef til vill að nánasta bandamanni sínum á alþjóðavettvangi en það hefur ekki enn leitt til þess að Merkel hafi fallist á þá skoðun forsetans að sama verði að gera í Evrópu og hann hefur gert í Bandaríkjunum að dæla peningum í banka og auka ríkisútgjöld.

Þetta segir í New York Times (NYT) laugardaginn 16. júní þegar þess er jafnframt getið að Obama og Merkel muni hittast mánudaginn 18. júní á fundi leiðtoga G 20-ríkjanna í Mexíkó. Nú sé jafnvel enn meira í húfi vegna ólgu á evru-svæðinu en í síðasta mánuði þegar þau hittust á leiðtogafundi í Camp David sem NYT segir að hafi styrkt persónuleg tengsl þeirra þrátt fyrir pólitískan ágreining.

Í blaðinu er minnt á hina miklu spennu innan ESB vegna kosninganna í Grikklandi 17. júní. Hún hafi hins vegar ekki orðið til þess að eitra samskipti leiðtoganna tveggja, þau hafi talað 12 sinnum saman í síma, haldið tvo fjarfundi og hist þrisvar sinnum á árinu 2012. Embættismenn segja að þau tali saman á ensku og samtöl þeirra snúist jafnan um kjarna málsins en séu ekki almennt tal sem ætla mætti að gæti einkennt samtál eðlisfræðings og lagaprófessors.

„Hann ber óskoraða virðingu fyrir henni,“ segir Michael Froman, vara-öryggisráðgjafi Obama, sem sat fundinn í Camp David. Hún kemur hreint til dyranna og segir honum hvað hún getur og hvað hún getur ekki eða vill ekki gera. Þá segja aðstoðarmennirnir að þeim finnist þau að nokkru á sama báti, þau hafi ekki verið innvígð í stjórnmála- og þjóðlíf landa sinna áður en þau komust til valda, hann af afrísku bergi brotinn frá Hawaii og hún kona frá Austur-Þýskalandi.

NYT segir frá ýmsum fundum þeirra allt frá árinu 2008 þegar Obama flutti ræðu í Tiergarten í Berlín sem hluta af kosningabaráttu sinni og þau hittust í fyrsta sinn. Þá var honum bannað að tala við Brandenborgar-hliðið. Þegar Obama veitti Merkel síðan frelsisorðuna, æðsta heiðursmerki Bandaríkjanna handa útlendingi, sagði hún í skálar- og þakkaræðu að hann gæti talað við hvaða hlið sem hann vildi í Berlín kæmi hann þangað í boði sínu.

Blaðið gerir grein fyrir grundvallarágreiningi þeirra Merkel og Obama um leiðir í efnahagsmálum, hann vil auka ríkisútgjöld en hún beita aðhaldi. Að þessu leyti stendur Merkel nær Mitt Romney, forsetaframbjóðanda repúblíkana, sem hefur gert ágreininginn um leiðir úr skuldavanda evru-svæðisins að kosningamáli í Bandaríkjunum. Glenn Hubbard, einn af efnahagsráðgjöfum Romneys, skrifaði nýlega grein í þýskt blað og hvatti Þjóðverja til að fara ekki að ráðum Obama.